

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 2/2006

frá 27. janúar 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2005 frá 30. september 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/30/EB frá 22. apríl 2005 um breytingu á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB og 2002/24/EB um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum í því skyni að laga þær að tækniframförum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

I. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45x (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB) og lið 45za (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB):
„- **32005 L 0030:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/30/EB frá 22. apríl 2005 (Stjtið. ESB L 106, 27.4.2005, bls. 17).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 45zf (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/104/EB):
„45zg. **32005 L 0030:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/30/EB frá 22. apríl 2005 um breytingu á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB og 2002/24/EB um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum í því skyni að laga þær að tækniframförum (Stjtið. ESB L 106, 27.4.2005, bls. 17).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2005/30/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 22.12.2005, bls. 10 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 66, 22.12.2005, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 106, 27.4.2005, bls. 17.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. janúar 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. janúar 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.